

Fundargerð

21. fundur stjórnar Frjálsíþróttasambands Íslands, á starfstímabilinu 2002-2004, var haldinn í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, mánudaginn 24. mars 2003, kl. 19:30.

Fundinn sátu: Jónas Egilsson, formaður, Hreinn Jónasson, Þórólfur Þórlindsson, Sigurður Pétur Sigmundsson, Gunnlaugur Karlsson, Birgir Guðjónsson, Guðmundur Karlsson landsliðsþjálfari, Fríða Rún Þórðardóttir úr íþróttamannanefnd og Egill Eiðsson framkvæmdastjóri.

1. Fundargerð 20. fundar stjórnar lögð fram. Samþykkt.

2. Fjármál.

2.1 Samstarfssamningar.

Rætt um stöðu varðandi samstarfssamninga við fyrirtæki og einnig um framhald á samstarfi við sjónvarpið um útsendingu frá frjálsíþróttaviðburðum. Mikilvægt að klára þessa samninga sem fyrst.

2.2 Rætt um samning sem VISA International hefur áhuga á að gera við Þóreyju Eddu Elísdóttir fram yfir Ólympíuleikana í Aþenu. Samþykkt að heimila henni að ganga frá samningnum við fyrirtækið.

2.3 Ársreikningar FRÍ lagðir fram og áritaðir af stjórninni.

Rekstur sambandsins var í jánnum á sl. ári, en örlítill hagnaður varð af rekstri sambandsins á árinu 2002 eftir fjármagnsliði og afskriftir.

3. Mótamál.

3.1 Evrópubikarkeppni 2004.

Framkvæmdastjóri greindi frá fundi sem hann, ásamt Gunnlaugi og Hreini áttu með fulltrúnum FÍRR um fyrirhugaða framkvæmd keppinnar héraendis á næsta ári. Lögð voru fram drög að kostnaðaráætlun vegna keppinnar. Ljóst er að fjárhagslegur grundvöllur er mjög erfiður og finna þarf leiðir til að koma til móts við ýmsa kostnaðarliði vegna keppinnar, einkum er útlit fyrir umframkostnað vegna upphalds erlendra keppenda héraendis, en EAA endurgreiðir ákveðna upphæð á hvern keppanda vegna upphalds, en sú upphæð er töluvert lægri, en hægt er að fá héraendis skv. upplýsingum frá ÍT ferðum. Samþykkt að framkvæmdastjóri, gjaldkeri og Hreinn haldi áfram að leita leiða í sambandi við kostnaðarþátt mótsins. Óska skal eftir fundi með ÍTR vegna málsins.

3.2 Norðurlandamót unglunga í fjölþrautum 2003.

Finna þarf lausn varðandi framkvæmd keppinnar héraendis um verslunarmannahelgina, en félög hafa ekki reynst viljug til að taka þessa keppni að sér um þessa helgi.

4. Lagt fram.

4.1 Lagt fram útsent bréf til mótshaldara götuhlaupa, dagsett 7. mars sl., um úthlutun á Meistaramóti Íslands í maraþonhlaupi og hálfmaraþonhlaupi á árinu 2003. Umsóknarfrestur er til 25. mars nk.

- 4.2 Formaður greindi frá tillögu frá FRÍ, sem leggja á fyrir Norðurlandafund í Stokkhólmi um nk. helgi um að kanna vilja á að halda Norðurlandameistararmót innanhúss á næstu árum.
- 4.3 Formaður greindi frá fyrirspurn formanns EAA um að kanna möguleika á að halda mótaþing EAA / IAAF hérlendis á árinu 2005. Óskað hefur verið eftir því við ÍT ferðir að skoða möguleika á þessu, en þingið sækja um 400-500 fulltrúar.
- 4.4 Formaður greindi einnig frá áhuga Umf.Tindastóls á að halda Evrópubíkarkeppni í fjölþrautum, 2.deild, á Sauðárkróki árið 2005.

5. Óafgreidd mál frá síðasta fundi.

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir könnun hjá íþróttafólki varðandi keppnisfatnað fyrir landsliðið og viðhorfi þess á tveimur tegundum af keppnisfatnaði sem til greina kemur fyrir landslið Íslands.

Formaður lagði til að honum, ásamt gjaldkera yrði falið að ganga til samninga um kaup á upphitunargöllum frá Adidas og keppnisfatnaði frá Panzeri.

Sigurður Pétur greiddi atkvæði á móti tillögunni og lagði fram eftirfarandi bókun: “Þó svo að tímasetning á afhendingu búninga frá Primo ehf. hafi ekki staðist skv. gerðum samningi lá það fyrir í byrjun febrúar að fyrirtækið gat afhent eftirstöðvar varanna í þeim mánuði. Fyrirtækið var jafnframt tilbúið að leggja fram viðbótarvörur, allt endurgjaldslaust. Fram hefur komið að búningar frá Panzeri og Adidas munu kosta FRÍ a.m.k. 700 þúsund krónur, jafnframt liggur ekki fyrir hvenær afhending varanna getur orðið. Ég tel að FRÍ hafi annað og betra við peningana að gera, en leggja þá í búningakaup.”

6. Innsend mál.

- 6.1 Bréf frá ÍSÍ, dagsett 17. mars sl., um Smáþjóðarleikanna á Möltu. Vísað til Landsliðsþjálfara.
- 6.2 Bréf frá ÍSÍ, dagsett 18. mars sl., um að samþykkt hafi verið að veita FRÍ tvo flugmiða til að sækja þing EAA í Aþenu um miðjan apríl.

7. Önnur mál.

- 7.1 HM innanhúss. Guðmundur Karlsson landsliðsþjálfari lagði fram skýrslu um þátttöku Íslands á HM og greindi frá árangri íslensku keppendanna.
- 7.2 Umræður urðu um væntanlega frjálsíþrótt- og sýningarhöll í Laugardal. Framkvæmdastjóri kanni hvort mögulegt sé að fá Sigfús Jónsson á næsta fund stjórnar til að kynna stöðu mála fyrir stjórn FRÍ.
- 7.3 Birgir Guðjónsson greindi frá fundi sem hann sótti í lyfjanefnd IAAF í síðasta mánuði.

Fundi slitið kl. 21:40

Næsti fundur fyrirhugaður 6. apríl nk.

Fundargerð ritaði Egill Eiðsson.